



LÍFBREYTILEIKI

grasið er...

Verkefni fyrir 11-13 ára

Í þessu verkefni er farið út á náttúrusvæði í nálægð við skólann eða á skólalóð. Nemendur skoða náttúruna í kringum sig og æfa sig í að túlka og skrá skynjun sína og upplifun.



Markmið

- Ritun og myndmál
- Efla orðaforða tengdan náttúru, þjálfar notkun á líkingum og myndhverfingum
- Efla munnlega tjáningu, samvinnu og sögugerð



Efni og áhöld

Stílabækur eða klemmuspjöld með blöðum
Skriffæri



Framkvæmd

1. Umræður

- Hver er munurinn á því að skrifa úti eða inni, er það betra, fáum við fleiri hugmyndir?

2. Skynjun og orðaforði

- Nemendur skrá niður nokkur orð, það sem þeir sjá, lykta, finna og heyra.
- Æfa sig að nota lýsingarorð og líkingar, blautt eins og..., mjúkt eins og
- Velja einn náttúrulegan hlut og teikna hann
- Skrifa 2–3 setningar með líkingu eða myndhverfingu um hlutinn.

3. Skapandi ritun

- Velja nokkra náttúrulega og skrifa málsgrein sem lýsir þeim (100–120 orð).
- Hafa að minnsta kosti eina myndlíkingu eða myndhverfingu.
- Hafa lýsinguna lifandi.

4. Deila

- Nemendur lesa upp sína sögu í pörum eða litlum hópum.

Umræða

- Er náttúrna hvetjandi til sköpunar?